

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Lindargötu

101 Reykjavík

Sent í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 8. apríl 2022

Varðar: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (mál 46/2022)

I. Inngangur

Vísað er til auglýsingar í samráðsgátt stjórnvalda þar sem veitt er tækifæri til athugasemda við drög að frumvarpi til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Auk þess voru birtar með málinu íslenskar þýðingar á SFDR reglugerðinni (2019/2088) og Taxonomy reglugerðinni 2020/852).

Samorka fagnar því að veittur sé kostur á umsögnum á þessu stigi innleiðingar og til að gera athugasemdir við drög að þýðingum umræddra gerða. Umfjöllun umsagnar þessarar er bundin við hin birtu frumvarpsdrög og Taxonomy reglugerðina.

II. Almennar athugasemdir

Fyrirséð er að flokkunarreglugerðin muni gilda um starfsemi fjölmargra orku- og veitufyrirtæki sbr. 66. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Almennt er að ástæða til að fagna áformaðri innleiðingu og lagasetningu. Með því að koma á fót samræmdum ramma sem stuðlar að sjálfbærum fjárfestingum er verið að einfalda til muna möguleika fyrirtækja til að gera grein fyrir sjálfbærniþáttum í starfsemi sinni og tryggja samræmda upplýsingagjöf. Íslensk orku- og veitufyrirtæki hafa um langa hríð verið leiðandi í umhverfisáherslum sínum og stigið stór skref á sviði grænnar fjármögnunar s.s. með útgáfu grænna skuldabréfa. Samræmt flokkunarkerfi er til þess fallið að auka gagnsæi og skerpa á ákvarðanatöku sem tekur mið af sjálfbærniáherslum. Þá er það von Samorku að löggjöfin muni vinna gegn grænþvotti og efla veg sjálfbærrar grænnar orkuframleiðslu á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Með því að gera skýran greinarmun á fjárfestingum sem eru í þágu þeirra sex grundvallarmarkmiða sem sett eru fram í reglugerðinni og þeirra sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðarinnar um sjálfbærar fjárfestingar, aukast líkur á því að fjármagn streymi til verkefna sem uppfylla skilyrðin og þar með líkur á því að Ísland nái þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett hafa verið í loftslagsmálum og orkuskiptum.

Rétt er að árétta mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld vandi til í því að vakta framþróun flokkunarkerfisins, gæti hagsmuna íslenskra aðila og hugi að séríslenskum aðstæðum þegar sett verða

viðmið um hvað teljist til sjálfbærra fjárfestinga eða verkefna. Í því má sambandi má nefna umfangsmikla nýtingu vatnsafls og jarðvarma til raforkuframleiðslu hérlendis.

Þá er mikilvægt að samhliða innleiðingu fari fram rík og vönduð kynning á inntaki reglnanna svo atvinnulífið sé undir það búið að tileinka sér hin nýju viðmið við framsetningu upplýsinga um starfsemi sína með hliðsjón af flokkunarkerfinu.

III. Sértaekar athugasemdir

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta vegna brota gegn 5., 6., og 7. gr. flokkunarreglugerðarinnar nr. 2020/852. Kemur og fram að sektir geti numið frá 100 þúsund krónum til 110 milljóna króna í tilfelli einstaklinga en frá 500 þúsund krónum til 800 milljóna króna í tilfelli lögaðila. Þá er kveðið á um að sektir lögaðila geti verið allt að 3% heildarveltu skv. samkvæmt síðasta samþykktu ársreikning lögaðila eða, í tilfelli aðila sem er hluti af samstæðu, samstæðureikningi aðila.

Ekki eru færð fyrir því sérstök rök hví sektarfjárhæðir þurfa að nema svo háum fjárhæðum og eru þær að mati Samorku mjög háar. Í fyrsta lagi gætu hinar tilgreindu sektarfjárhæðir hæglega þjónað þeim varnaðaráhrifum sem þeim er ætlað samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu þó þær væru mun lægri. Í öðru lagi er til þess að líta að um er að ræða nýtt og flókið regluverk sem eðlilegt er að ætla að fyrirtækjum tíma til að tileinka sér og hætta á lögvillu eða mistökum er mun meiri á meðan kerfinu er komið upp. Í þriðja lagi er til þess að líta að verið er að koma upp kerfi þar sem hin eiginlegu viðmið eru ekki sett samhliða frumlöggjöfinni og munu smám saman verða sett fram eða uppfærð sem allt er til þess fallið að auka líkur á því að framsetning fjárfestingar kunni að verða í ósamræmi við nýjustu reglur.

Enn fremur vill Samorka benda á, að í 6. mgr. 5. gr. frumvarpsdraganna er kveðið á um skyldu til að greiða dráttarvexti á sektarfjárhæð sé stjórnvaldssekt ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um álagningu. Er þetta í fyrsta lagi í ósamræmi við texta athugasemdar við greinina í frumvarpsdrögunum þar sem tilgreint er að ætlunin sé að leggja á dráttarvexti að liðnum mánuði frá því að ákvörðun er „komin til viðtakanda“. Í öðru lagi má telja mánaðarfrest stuttan þar sem búast má við að lögaðilar sem fá álagða sekt þurfi tíma til að meta hvort þeir uni niðurstöðunni, ekki síst þar sem sektarákvarðanir á grundvelli reglnanna verða flóknar og að einhverju leyti háðar mati stjórnvalds. Í þriðja lagi væri með sömu rökum eðlilegt að reikna dráttarvexti frá dómsuppsögu í þeim tilfellum sem lögaðili leitar endurskoðunar dómstóla á sektarálagningu. Í fjórða lagi væri í öllu falli eðlilegt að ákvæðið tilgreindi með pósitívum hætti um skyldu stjórnvalda til að greiða dráttarvexti frá greiðsludegi komi til þess að aðili fá sekt, sem þegar hefur verið greidd með fyrirvara, fellda úr gildi. Þannig myndu dráttarvaxtaákvæði gilda á báða bóga.

Rétt er að áréttu að Alþingi er í sjálfsvald sett að ákveða tilhögun sekta og sektarfjárhæða eins og fram kemur í athugasemd með frumvarpsdrögunum, að því gefnu að viðurlögin teljist skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafi varnaðaráhrif.

IV. Um þýðingu reglugerðar 2020/852

Samorka setur ekki fram almennar athugasemdir við þýðingu reglugerðar 2020/852 en vísar til athugasemda annarra og sérstaklega aðildarfyrirtækja Samorku um það efni.

Þó skal sérstaklega getið mikilvægis þess að gæta samræmis í hugtakanotkun í gegnum skjalið og þá sérstaklega um hugtakið/meginregluna um að „valda ekki umtalsverðu tjóni“ sbr. 3. mgr. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 3. gr.

V. Niðurlag

Að endingu vísar Samorka til athugasemda annarra aðildarfyrirtækja sinna og áskilinn er réttur til að setja fram athugasemdir við málið á síðari stigum meðferðar þess. Samorka lýsir sig enn fremur reiðubúna til samtals eða funda við stjórnvöld vegna frekari vinnslu þessa máls.

f.h. Samorku

Finnur Beck